

Nd.

339. Lög

um löggilding verslunarstaða í Karlseyjarvík við Reykhóla og í Hagabót
í Barðastrandarsýslu.

(Samþykkt í Nd. 9. ágúst.).

1. gr.

Í Karlseyjarvík og í Hagabót í Barðastrandarsýslu skulu vera löggiltir
verslunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunar-
lóðarinnar á hvorum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv.
1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.